

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt af sveitarstjórn með vísan til samþykktar nr. 633/2012 um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald er sem hér segir:

Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða	kr. 46.100
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp	kr. 19.900

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra 10. nóvember 2021, samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1283/2020.

*Hvammstanga, 24. nóvember 2021.*

**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir** sveitarstjóri.